

1. fundur skólaráðs – 27. september 2017

Mættir: Bryndís, Þorgeir, Þóra Ýr, Bryndís Inda, Ingibjörg, Ína, Andrea

1. Rætt um fyrirkomulag haustfunda.

Rætt hvort „hefðbundið“ fyrirkomulag haustfunda, eins og verið hefur, sé mögulega barn síns tíma og mögulega sniðugt að breyta fyrirkomulaginu á þessum fundum. Hafa yfirleitt verið í miðjum/lok september þar sem farið er yfir praktísk málefni eins og Mentor, námsefni, stundaskrá o.s.frv. Hefur verið misgóð þátttaka en ágætir fundir til síns brúks. Ekki ljóst hvort þetta skili miklu og því rætt hvort hægt sé að finna nýjan vettvang, nýtt konsept í kringum þetta. T.d. einhvers konar hópefli eða annað slíkt.

Fundarmenn sammála um að gott sé að hafa einhvern vettvang til svipaðs samstarfs og verið hefur, en spurning hvernig fyrirkomulag er hentugast og skilar mestu. Rætt hvort sniðugt væri að hafa morgunfund, þar sem foreldrar eru velkomnir að koma og fylgjast með kennslu t.d. í klukkustund og geta svo sest niður með kennurum að því loknu og rætt og spurt og spjallað. Fyrirkomulag verður ákveðið á næstunni og boðið til einhvers konar haustfunda/kynninga

Fært til bókar að mikilvægt væri að hafa Mentor námskeið fyrir foreldra, margir óöruggur og eiga erfitt með að nálgast upplýsingar sem foreldrar vilja hafa aðgang að. Stefnt að því að halda slíkt námskeið fyrir áhugasama foreldra á næstunni.

2. Rætt um nestismál í skólanum. Sniðugt væri að heilsueflandi nefndin myndi leggja skýrar línur í því samhengi sem hægt væri að miðla til foreldra.

3. Tölvumál í unglingadeild / kynning á þróunarverkefni

Rætt um bréf sem barst frá foreldrafélaginu varðandi fyrirkomulag tölvumála á unglingastigi. Bryndís kynnti þróunarverkefni um sjálfstæði í námi og mikilvægi tölvukosts í því samhengi. Ósætti hjá einhverjum varðandi það að einhverjir nemendur komi sjálfir með tölvur og aðrir fái tölvur frá skólanum. Vafamál með tryggingar á tölvum sem koma að heiman og ekki talið fullvíst að allir hafi aðgang að því sem þarf að hafa aðgang að ef tölvurnar eru misgóðar.

Kynnt fyrir fundinum að engin krafa er gerð á að nemendur komi með tölvur, heldur eingöngu að þeir sem það vilja sé það frjálst, enda hafi þróunin undanfarið verið sú að nemendur sem eiga tölvur vilji koma með þær sjálfir. Aðrir fá útvegaðar tölvur frá skólanum og tryggt að þær höndli þau forrit og annað sem nemendur þurfa að vinna með.

Einhverjir ósáttir við að hafa ekki enn fengið tölvur, skólinn vill þó meina að allir séu komnir með tæki (einhverjir i-Pad, þar til tölvur verða klárar), og munu allir verða komnir með tölvur þegar samræmd próf verða búin. Fulltrúar foreldra koma á framfæri ósætti með orðalag í bréfi og telja að óbein krafa sé sett á foreldra að kaupa tölvur fyrir nemendur. Telja einnig að tölvukosturinn sé ekki viðunandi og að það skapi leiðindi ef sumir séu með „misgóðar“ tölvur frá skólanum en aðrir með glænýjar og fínar tölvur að heiman. Bryndís svarar og segir að tölvur sem skólinn skaffar uppfylli þær kröfur sem við gerum til þeirra í náminu.

Talsverðar umræður um málefnið og rætt að æskilegt væri að skólinn ætti tölvu fyrir hvern og einn nemanda og gerði enga kröfu, hvorki beina né óbeina, um að heimili skaffi tölvur. Rætt um að leita mögulega að styrkjum til þess að fjármagna kaup á tölvukosti sem upp á vantar.

Ákveðið að senda bréf á foreldra til að biðjast afsökunar á orðalagi í bréfi og útskýra málið, að aldrei hafi verið krafan að heimili sköfðu tölvur, heldur að þeir sem það vildu, sem eru þónokkrir byggt á reynslu síðustu ára, mættu gera það.

4. Skólalóðin

Framkvæmdir á skólalóð eru loks hafnar, talsvert á eftir áætlun. Ástæðan er sú að enginn bauð í verkið til að byrja með og því þurfti að leita að litlum verktaka sem gat tekið verkið að sér. 1. og 2. áfangi verður tekinn fyrir, jarðvegsskipti, leiktæki, hólar, stétt meðfram húsinu o.fl.